

Fræðslunet
Suðurlands
Ársskýrsla

2011

Starfsmannahald	1
Stjórn Fræðslunetsins	1
Bókhald	2
Afkoma	2
Húsnæði	2
Búnaður.....	4
Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA)	4
Viðaukasamningar við FA	5
Námsleiðir FA og þátttaka 2011:	5
Náms- og starfsráðgjöf.....	7
Fjöldi ráðþega eftir önnum og kyni 2011	7
Raunfærnimat	8
Próunarsjóður framhaldsfræðslu.....	9
Önnur námskeið.....	10
Námsvísir og annað kynningarefni.....	10
Samstarf við stofnanir og fyrirtæki	11
Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands	11
Stiklunámskeið, Ísbrúarnámskeið	13
Styrkur úr starfsmenntasjóði	13
Skipulagsskrá Fræðslunetsins	13
EQM-gæðaviðmið	14
Nemendabókhaldskerfið MySchool.....	14
Kvasir og Leikn.....	14

Fjölmennt.....	14
Heimsóknir, ráðstefnur, fundir	15
Heimsókn til Reyknesinga.....	15
Námskeið, ráðstefnur og fundir	15
Niðurlag.....	15

STARFSMANNAHALD

Breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Nýr starfsmaður, Sandra D. Gunnarsdóttir, var ráðinn í 50% starf verkefnisstjóra frá 15. ágúst til 31. október. 1. nóvember var starfshlutfallið aukið í 70%. Þá var starfshlutfall ritara aukið í 73%, eða um 23%, frá 15. september. Ritari starfaði 8 mánuði ársins, frá 1. janúar til 15. maí og frá 15. september til 31. desember.

Aðrir starfsmenn eru framkvæmdastjóri og verkefnisstjóri í fullu starfi og tveir náms- og starfsráðgjafar í 80% starfi samtals.

Starfsmenn:

Framkvæmdastjóri: Ásm. Sverrir Pálsson

Verkefnisstjóri: Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir

Verkefnisstjóri: Sandra D. Gunnarsdóttir

Náms- og starfsráðgjafar: Sólveig R. Kristinsdóttir, Eydís Katla Guðmundsdóttir

Ritari: Árdís Dóra Óskarsdóttir

STJÓRN FRÆÐSLUNETSINS

Þær breytingar urðu á stjórn Fræðslunetsins á árinu að Þór Hreinsson tók sæti í henni 1. janúar.

EFTIRTALDIR SKIPA STJÓRN:

Gylfi Þorkelsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)

Gunnar B. Þorsteinsson, varaformaður (kosinn af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)

Magðalena Jónsdóttir, (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)

Ingvar Pétur Guðbjörnsson (kosinn af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)

Þór Hreinsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Starfsfólki eru færðar þakkir fyrir dugnað og samvirkusemi í störfum sínum og stjórn fyrir uppbyggilegt samstarf.

BÓKHALD

Eins og áður var bókhaldsþjónusta keypt af skrifstofu Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Bókhaldið færir Ragnheiður Óskarsdóttir starfsmaður SASS. Bjarni Jónsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði reikninga Fræðslunetsins sem hér fylgja með.

AFKOMA

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings ársins 2011 eru:

Tekjur:	82.933.472
Gjöld:	77.786.739

Rekstrarhagnaður án fjármunatekna er því kr. 5.146.733; að viðbættum fjármunatekjum er hagnaðurinn kr. 6.249.851. Í rekstraráætlun fyrir árið 2011 var gert ráð fyrir rekstrartekjum upp á kr. 73.919.000. Rekstrartekjur milli ára hækka því um kr. 9.545.533. Árið 2011 er tekjuhæsta ár Fræðslunetsins frá upphafi.

Hækkun liðarins *kennsla og námskeiðahald* (sjá ársreikning) skýrist af meiri starfsemi en gert var ráð fyrir, auknum tilkostnaði við námskeið, s.s akstri, og undir þessum lið eru einnig greiðslur fyrir kennsluefnisgerð.

Veruleg hækkun liðarins *viðhald tölvubún/vistun gagna* skýrist að stærstum hluta af ýmislegum tölvutengdum kostnaði (sjá kaflann um búnað bls. 3), kaupum á fjarkennslubúnaði og bættri nettengingu á Hvolsvelli.

HÚSNÆÐI

Höfuðstöðvar Fræðslunetsins, þ.e. kennslustofur, kennslustofur með fjarkennslubúnaði, skrifstofa, eldhús og geymslur, eru í lðu, Tryggvagötu 25, á Selfossi. Húsnæðið leigir Fræðslunetið af Fjölbrautaskóla Suðurlands. Langflest námskeið, sem haldin eru á Selfossi, fara fram í lðu. Verklest námskeið voru haldin í Hamri, verknámshúsi Fjölbrautaskólans, og matreiðslunámskeið í útielldhúsi á lóð skólans. Auk þess hefur Fræðslunetið aðgang að sal Fjölbrautaskólans sem t.a.m. hefur verið notaður undanfarin

ár fyrir hátíðarfund Fræðslunetsins, nú í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, en þá er afhentur styrkur úr Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.

Náms- og starfsráðgjafar Fræðslunetsins höfðu starfsaðstöðu sína í Glaðheimum á Selfossi til loka ágúst en þá fluttu ráðgjafarnir í nýja starfsstöð, Sandvíkurskóla á Selfossi. Þar taka þeir viðtöl við ráðþega og hafa einnig aðstöðu þar til hópráðgjafar.

Fræðslunetið leigði húsnæði og aðstöðu hjá Háskólafélagi Suðurlands í Glaðheimum á Selfossi fyrir nokkur námskeið þar sem ekki var pláss eða aðstaða til þess í lðu.

Í ágúst var ný starfsstöð Fræðslunetsins opnuð í Hvolsskóla á Hvolsvelli. Gerður var leigusamningur um húsnæðið við Rangárþing eystra. Um er að ræða skrifstofu og rúmgóða kennslustofu með nauðsynlegum kennslubúnaði auk fjarkennslubúnaðar. Starfsmaður þar er Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir verkefnisstjóri.

Annars staðar á Suðurlandi fékk Fræðslunetið inni í grunnskólum fyrir námskeið sín en auk þess voru ferðapjónustunámskeið haldin á Hótel Geysi og Hótel Laka og námskeið í silfursmíði á verkstæði Davíðs Jóhannessonar gullsmiðs í Gagnheiði á Selfossi.

Fræðslunetið færir skólastjórum grunnskólanna, yfirmönnum Fjölbrautaskólans, umsjónarmönnum skólabygginga Fjölbrautaskólans, framkvæmdastjóra Háskólafélags Suðurlands og starfsfólki í Glaðheimum og öðrum sem skutu skjólshúsi yfir nemendur þess þakkir fyrir einstaka lipurð og hnökralaust samstarf.

BÚNAÐUR

Haldið var áfram að bæta úr tölvu- og tækjakosti Fræðslunetsins. Keyptar voru 16 fartölvur til notkunar í starfsstöðinni á Hvolsvelli. Í áætlunum fyrir starfsemina þar var gert ráð fyrir að Fræðslunetið fengi afnot af tölvuveri Hvolsskóla en þegar á reyndi var horfið frá því. Þýr Fræðslunetið nú ágætlega að tölvum fyrir nemendur sína. Þá voru keyptar tölvur handa hluta af starfsfólki. Nýr router var keyptur í starfsstöðina á Hvolsvelli.

Fjárfest var í fjarkennslubúnaði í félagi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands.

Auk þess var keyptur annar nauðsynlegur skrifstofubúnaður í nýjar starfsstöðvar, á Hvolsvelli og á Selfossi, s.s. skrifborð og prentarar.

SAMSTARF VIÐ FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS (FA)

Þjónustusamningur við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) var gerður á árinu líkt og undanfarin ár. Slíkir samningar hafa verið gerðir árlega allt frá árinu 2006. Í þjónustusamningnum segir: “Meginmarkmiðið með verkefnum samkvæmt samningi þessum er að veita fólki á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði.”

Í þjónustusamningnum er kveðið á um framlag úr Fræðslusjóði til vottaðs náms sem meta má til eininga á framhaldsskólastigi, til náms- og starfsráðgjafar og til raunfærnimats. Um framlag til þessara verkefna skyldi gera sérstaka viðaukasamninga. Þá er grein um styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

VIÐAUKASAMNINGAR VIÐ FA

1. mars undirritaði Fræðslunetið viðaukasamning við FA um greiðslur til vottaðs náms, alls 11 námsleiða (sjá töflu á bls. 5). 26. apríl var undirritaður viðaukasamningur um náms- og starfsráðgjöf. 29. apríl var undirritaður viðaukasamningur um raunfærnimat í húsasmíði.

Skemmst er af að segja að öll markmiðin, sem Fræðslunetið setti sér um kennslu námsleiða, náðust og raunar betur. Viðaukasamningar til viðbótar voru undirritaðir við FA, annar um náms- og starfsráðgjöf, 75 viðbótarviðtöl (5. des.) og námsleiðina Sterkari starfsmaður, 150 kest. námskeið (25. okt.).

Í nóvember barst beiðni frá FA um að reyna að koma á Grunnnámskeiði í fiskvinnslu (60 kest.) og kenna hluta af því á árinu.

Námsleiðin Færni í ferðapjónustu I var kennd sérstaklega fyrir þjónustuþega VMST Suðurlandi án framlags frá FA.

NÁMSLEIÐIR FA OG ÞÁTTAKA 2011:

Námsleiðir	Kest.	Konur hófu/luku	Karlar hófu/luku	Staður
Grunnmenntaskóli	156*	8/3	3/2	Selfoss
Grunnmenntaskóli	300	9/4	4/4	Selfoss
Grunnmenntaskóli	300	8/7	5/5	Selfoss
Grunnmenntaskóli	300	10/8	4/4	Hvolsvöllur

Nám og þjálfun í alm. bókl.	300	7/8	6/6	Selfoss
Nám og þjálfun í alm. bókl.	300	7/4	4/2	Selfoss
Nám og þjálfun í alm. bókl.	150**	7/?	7/?	Selfoss
Sterkari starfsmaður	150	4/2	10/10	Selfoss
Sterkari starfsmaður	150	6/5	7/6	Selfoss
Skref til sjálfshj. í lestri/rit.	60	3/1	5/3	Selfoss
Fagnámskeið III heilbr/fél.	77	17/16	0/0	Selfoss
Fagnámskeið III heilbr/fél.	77	15/13	0/0	Selfoss
Grunnnámsk. í fiskvinnslu	24**	10/?	13/?	Þorlákshöfn
Alls	2.344	111/79	68/42	
<i>Færni í ferðapjónustu I</i>	60	5/4	5/4	Selfoss

*Fyrri hluti á haustönn 2010

**Lýkur á vorönn 2012

NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF

Árið 2011 einkenndist m.a. af miklu atvinnuleysi eins og árið 2010. Atvinnuástandið hafði mikil áhrif á störf náms- og starfsráðgjafanna rétt eins og á starfsemi Fræðslunetsins að öðru leyti.

Í áðurnefndum viðaukasamningi um náms- og starfsráðgjöf eru sett árangursmarkmið, 238 viðtöl skv. líkani og 211 viðbótarviðtöl. Í seinni samningi sem gerður var árinu, sbr. hér á undan, bættust við 75 viðtöl. Þessi árangursmarkmið náðust öll á árinu og ríflega það.

Viðbótarviðtölin voru einkum ætluð þjónustuþegum VMST Suðurlandi, en atvinnuleysi í fjórðungnum hefur verið talsvert á árinu, mest í Árborg. Eftirspurnin eftir viðtölum var það mikil að ekki var talið fært að staðnæmast við áðurnefnd árangursmarkmið og urðu viðtölin því fleiri eins og sjá má í töflu á bls. 7.

FJÖLDI RÁÐÞEGA EFTIR ÖNNUM OG KYNI 2011

Önn	Fjöldi viðtala		Kyn	Fjöldi viðtala
Vorönn	297		Konur	256
Haustönn	286		Karlar	327
Alls	583		Alls	583

Fræðslunet Suðurlands, Fjölbrautaskóli Suðurlands, Iðan fræðslusetur (fræðslumiðstöð iðnaðarins) og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins efndu í sameiningu til raunfærnimats í húsasmíði á árinu. Er þetta í annað sinn sem raunfærnimat í húsasmíði er haldið á Suðurlandi.

11. mars sótti Fræðslunetið um framlag til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til að halda raunfærnimatið. 29. apríl var undirritaður Viðaukasamningur um raunfærnimat í húsasmíði milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og Fræðslunets Suðurlands.

Með raunfærni er átt við samanlagða færni sem einstaklingur hefur náð í lífinu, s.s. með starfsreynslu, starfsnámi, skólanámi, frístundanámi, félagsstörfum o.fl. Skilyrði þess að menn fái raunfærni sína metna í iðngrein eru að þeir hafi náð 25 ára aldri og hafi starfað í iðngreininni a.m.k. 5 ár. Með raunfærnimati er fengin staðfesting á raunverulegri færni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvenær hennar hefur verið aflað og getur slíkt mat jafngilt einingum í formlegu námi. FA hefur undanfarin ár þróað aðferðir við mat af þessu tagi.

Við undirbúning verkefnisins, sem fór að mestu fram á vorönn, nutu ofangreindir aðstoðar Meistarafélags Suðurlands og FIT á Suðurlandi. Með auglýsingum í héraðsblöðum vor og haust var vakin athygli á raunfærnimatinu, í Dagskránni, sem dreift er um allt Suðurland, og Búkollu, sem dreift er í Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Þá var fjallað um raunfærnimatið í haust-námsvísi Fræðslunetsins sem út kom í fyrstu viku september og borinn út til allra heimila og fyrirtækja í fjórðungnum. Auk þessa var raunfærnimatið auglýst á heimasíðu Fræðslunetsins og aðrar mögulegar leiðir notaðar til að raunfærnimatið spyrðist út.

Kynningarfundur um verkefnið var haldinn í Iðu, aðsetri Fræðslunetsins á Selfossi, 28. september. Alls mættu 17 manns á fundinn, auk Eddu Jóhannsdóttur, náms- og starfsráðgjafa hjá Iðunni, fræðslusetri; framkvæmdastjóra Fræðslunetsins og náms- og starfsráðgjafa þess; skólameistara FSu, áfangastjóra FSu, kennslustjóra tréiðngreina hjá FSu og formanni FIT á Suðurlandi.

Ellefu af þessum 17 gengu raunfærnimatið á enda og fengu samtals 376 einingar metnar sem er 24 einingum meira en náðist í raunfærnimatinu 2010.

Matið sjálft átti sér stað á haustönn.

Um raunfærnimatið sáu: Sólveig R. Kristinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi Fræðslunetsins, Edda Jóhannesdóttir náms- og starfsráðgjafi hjá Iðunni fræðslusetri, Svanur Ingvarsson kennslustjóri verknáms og kennari í tréiðngreinum í FSu, Jón Eiríkur Guðmundsson kennari í byggingariðngreinum við Tækniskólann og Jón Ólafsson kennari í byggingariðngreinum við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Allt hefur þetta fólk sótt námskeið hjá FA um raunfærnimat og með því undirbúið sig sérstaklega fyrir verkefnið.

Þátttakendur voru útskrifaðir með viðhöfn 6. desember.

ÞRÓUNARSJÓÐUR FRAMHALDSFRÆÐSLU

Fræðslunetið sótti um nokkra styrki í Þróunarsjóð framhaldsfræðslu:

1. Til að láta semja kennslubók í ensku sem gæti nýst í námsleiðunum Grunnmenntaskólinn og Nám og þjálfun í alm. bóklegum greinum; einnig til að semja kennslubók í járningum og hófhirðu. Styrkur fékkst til verkefnanna beggja. Samningur um þetta var undirritaður við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 21. sept. síðastliðinn.

Kennslubókahöfundar hafa þegar hafist handa. Ætlunin er að tilraunakenna báðar bækurnar áður en gengið verður endanlega frá þeim. Stefnt er að því að gerð beggja kennslubókanna verði lokið á vorönn 2013.

2. Til að skrifa kennslubók í verslunarreikningi fyrir Skrifstofuskólann, unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra og Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
3. Til að fjarkenna Fagnámskeið fyrir starfsfólk í leikskólum, unnið í samvinnu áðurtalinna símenntunarstöðva, sbr. lið 2
4. Til fjarkennslu Félagsliðabráar, unnið í samvinnu við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Öll þessi verkefni hafa verið samþykkt af sjóðnum, sbr. tilkynningu um það, dags. 22. des. 2011. Samningar um verkefnin verða gerðir í janúar 2012.

ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Samkvæmt upplýsingum sem fengnar eru úr nemendabókhaldu MySchool er fjöldi þátttakenda á námskeiðum þessi, öðrum en námsleiðum FA, skipt eftir kynjum:

Konur	Karlar	Samtals
714	360	1.074

Sjá nánar fylgiskjöl 1a) og b)

Fræðslunetið sótti um styrk til mennta- og menningarmálaráðuneytisins til íslensku fyrir útlendinga fyrir alls 157 nemendur á árinu. Styrkumsóknirnar voru samþykktar. Styrkir til íslensku fyrir útlendinga miðast við fjölda þeirra sem ljúka námskeiðum á fullnægjandi hátt. Reynslan er sú að brottfall er alltaf talsvert, nokkur fjöldi þeirra, sem innrita sig, mætir ekki þegar á reynir og sumir halda námskeiðin ekki út. Alls luku 72 nemendur íslenskunámskeiðum.

Fjöldi námskeiða á árinu var 107 eða 25 fleiri en 2010; fjöldi kennara hjá Fræðslunetinu á árinu var 85.

Á starfsárinu voru námskeið haldin í Skaftárhreppi (Hótel Laka), í Vík, á Hvolsvelli, Hellu, í Biskupstungum (Hótel Geysi), á Selfossi, í Hveragerði og Þorlákshöfn.

NÁMSVÍSIR OG ANNÆÐ KYNNINGAREFNI

Námsvísir Fræðslunetsins er gefinn út tvisvar sinnum á ári, í byrjun vor- og haustannar og dreift til allra heimila og fyrirtækja á Suðurlandi. Í námsvísinum eru allar nauðsynlegar upplýsingar um Fræðslunetið auk kynningar á flestum námskeiðum sem ætlunin er að halda árlega.

Auk námsvísis gefur Fræðslunetið út sérstakan kynningarblöðung um starfsemina og kynningarspjald um náms- og starfsráðgjöf til afhendingar við ýmis tækifæri.

SAMSTARF VIÐ STOFNANIR OG FYRIRTÆKI

Samstarfi við Vinnumálastofnun Suðurlandi um úrræði fyrir atvinnulausa var haldið áfram. Vinnumálastofnun sendi skjólstæðinga sína einkum á lengri námskeið sem Fræðslunetið kenndi, s.s. Grunnmenntaskólann, Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum og Sterkari starfsmann. Mikil áhersla var lögð á að náms- og starfsráðgjafar Fræðslunetsins sinntu skjólstæðingum stofnunarinnar.

Þá hafði Fræðslunetið gott samstarf við Birtu, starfsendurhæfingu Suðurlands, Virk, starfsendurhæfingu stéttarfélaganna á Suðurlandi og Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð. Ýmist voru haldin sérstök námskeið fyrir þessar stofnanir eða þær sendu þjónustupega sína á auglýst námskeið Fræðslunetsins.

Aðrar stofnanir, fyrirtæki og félög, sem Fræðslunetið hafði samvinnu við um námskeiðahald eru: Mýrdalshreppur, Skaftárhreppur, Landsvirkjun, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Ás dvalarheimili í Hveragerði, Reykjarður á Hellu, Listasafn Árnassýslu, Fræðslusetrið Starfsmennt í Reykjavík, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Endurmenntun Háskóla Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar, stéttarfélagin á Suðurlandi, Sólheimar í Grímsnesi, Framvegis, miðstöð símenntunar, Íslenska gámafélagið, Félag þroskaþjálfara á Suðurlandi og Suðurlandsdeild Sjúkraliðafélags Íslands.

Þá hefur Fræðslunetið haft góða samvinnu við Háskólafélag Suðurlands um ýmis efni er lúta að fræðslumálum fullorðins fólks á Suðurlandi, m.a. leitað til félagsins um húsnæði eins og komið hefur fram, fyrir fjarfundi og kennslu þegar kennslustofur í lðu hafa verið fullsetnar.

VÍSINDA- OG RANNSÓKNARSJÓÐUR SUÐURLANDS

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands, áður Vísinda- og rannsóknarsjóður Fræðslunets Suðurlands, var stofnaður árið 2002 og hafa styrkir verið veittir úr sjóðnum árlega síðan þá. Fjórtán fyrirtæki, stofnanir og samtök á Suðurlandi styrkja sjóðinn með árlegum framlögum (sjá fylgiskjal 2). Fræðslunetið fer með umsýslu við sjóðinn.

Í breyttum samþykktum sjóðsins segir: “Sjóðurinn heitir Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands og starfar með því skipulagi og markmiði sem segir í reglum þessum. Til

sjóðsins er stofnað á vegum Fræðslunets Suðurlands ses. en frá og með 2010 er Háskólafélag Suðurlands ehf. einnig aðili að sjóðnum.” (1. gr.)

Í 2. gr. segir: “Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja stúdenta, sem eru að vinna að lokaprófsverkefni, til rannsóknarstarfa á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands.”

Áskilið er í samþykktum sjóðsins að rannsóknarverkefni verði að tengjast “Suðurlandi með ótvíræðum hætti og ritgerðin að fjalla um aðstæður tengdar Suðurlandi. Verkefnið skal þjóna ótvíræðum atvinnulegum/fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.” (6. gr., 2. tl.)

Á haustdögum var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn eins og reglur hans gera ráð fyrir. Auglýst var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu og í háskólum á landinu. Styrkupp hæðin var 1 milljón króna. Alls bárust 18 umsóknir (sjá fylgiskjal 3). Að þessu sinni ákvað matsnefnd að veita tveimur umsækjenda styrk, sínar 500.000 krónurnar hvorum: Brynju Hrafnkelsdóttur fyrir doktorsverkefni hennar *Skordýrarækt í landgræðsluskógum og lúpínubreiðum* og Sólveigu Þorvaldsdóttur fyrir verkefnið *Áhrif eldgosa á atvinnugreinar og tengdar aðgerðir fyrir gos og á meðan á gosi stendur og eftir að því lýkur* sem einnig er verkefni til doktorsprófs. Brynja stundar nám við Landbúnaðarháskóla Íslands og Sólveig við Háskóla Íslands, Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði. (Sjá fylgiskjal 4 um styrkhafa frá upphafi).

Forseti Íslands afhendir styrkina á sérstökum hátíðarfundum sem haldinn verður í sal Fjölbrotaskóla Suðurlands 24. janúar 2012.

Fræðslunetið þakkar stofnaðilum og styrkjendum Vísinda- og rannsóknarsjóðs góðan stuðning á árinu.

STIKLUNÁMSKEIÐ, ÍSBRÚARNÁMSKEIÐ

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins býður upp á námskeið fyrir kennara í fullorðinsfræðslu, svo kölluð Stiklunámskeið. Sjö kennarar Fræðslunetsins sóttu Stiklunámskeið 7 og 2, 29. apríl og 3. maí. Kennari var Sigrún Jóhannesdóttir kennsluráðgjafi hjá FA.

Einn kennari, aðalkennari í íslensku fyrir útlendinga, sótti námskeið í íslenskukennslu hjá Ísbrú á árinu.

STYRKUR ÚR STARFSMENNTASJÓÐI

Árið 2010 fékk Fræðslunetið styrk úr starfsmenntasjóði til 36 kennslustunda námskeiðs um leiðsögn á jarðvangi (Geopark). Seinni hluti styrksins var greiddur að verkefninu loknu árið 2011. Þátttakendur á námskeiðinu voru alls 38.

Katla Geopark eða Katla jarðvangur tekur til sveitarfélaganna Rangárbings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Markmiðið með starfsemi jarðvangsins er að nýta jarðminjar svæðisins í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingar byggðar. Ætlunin er að þróa jarðfræðitengda ferðamennsku á svæðinu sem byggir á fræðslu um jarðminjar, samspil manns og náttúru og útivist. Námskeiðið var hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og liður í því að gera heimamenn færa um að taka að sér leiðsögn á jarðvangnum.

Fræðslunetið, Háskólafélag Suðurlands og Verkalýðsfélag Suðurlands höfðu samstarf um umsóknina til starfsmenntaráðs.

SKIPULAGSSKRÁ FRÆÐSLUNETSINS

Skipulagsskráin er í endurskoðun og uppfærslu og er stefnt að því að ný skipulagsskrá verði tilbúin í febrúarlok 2012 eftir að hafa hlotið samþykki stofnaðila og þar til bærra landsyfirvalda. JP-lögmenn hafa verkið með höndum.

EQM-GÆÐAVIÐMIÐ

EQM er eitt þeirra gæðakerfa sem fullorðinsfræðsluaðilar geta innleitt til að fá viðurkenningu til að annast fullorðinsfræðslu. Á árinu var hafin vinna við innleiðingu á gæðaviðmiðum EQM. Markmiðið er að tryggja sem mest gæði í vinnubrögðum Fræðslunetsins og samræma hana evrópskum stöðlum um gæðaviðmið.

NEMENDABÓKHALDSKERFIÐ MYSCHOOL

Fræðslunetið hefur undanfarin ár notað skráningarkerfið Myschool sem hefur verið þróað á vegum FA. Kerfið hefur verið innleitt nánast að fullu. Með kerfinu er haldið utan um allar skráningar nemenda á námskeiðum Fræðslunetsins og kennara.

KVASIR OG LEIKN

Fræðslunetið á félagsaðild að Kvasi, samtökum fræðslu- og símenntunarstöðva. Í félaginu eru 11 símenntunarstöðvar á landinu sem eiga með sér margháttað samstarf um fullorðinsfræðslu og hagsmunamál stöðvanna. Samtökin halda jafnaðarlega vor- og haustfund og skiptast stöðvarnar á að halda fundina. Vorfundur ársins var haldinn á Hótel Nordica í Reykjavík en haustfundurinn í Reynihlíð í Mývatnssveit.

Fræðslunetið er jafnframt aðili að Leikn, samtökum fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi.

FJÖLMENNT

Fræðslunetinu barst erindi, dags. 25. september, frá Fjölmennt, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, þar sem farið er fram á formlegar viðræður við Fræðslunetið um “aukið samstarf sem hafi það að markmiði að Fræðslunetið yfirtaki starfsemi Fjölmenntar á Selfossi.” Í kjölfarið hófust viðræður við Fjölmennt um að Fræðslunetið taki að sér námskeiðahald fyrir þjónustuþega Fjölmenntar á Suðurlandi frá haustönn 2012.

HEIMSÓKNIR, RÁÐSTEFNUR, FUNDIR

HEIMSÓKN TIL REYKNESINGA

Starfsmenn Fræðslunetsins fóru í heimsókn í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum 27. maí. Markmiðið með ferðinni var að kynna sér starfsemi stöðvarinnar, sjá húsakost og aðbúnað. Hjá MSS fer fram öflug starfsemi. Stöðin býr við góða aðstöðu til kennslu og náms.

NÁMSKEIÐ, RÁÐSTEFNUR OG FUNDIR

Á undangengnum árum hefur starfsfólk Fræðslunetsins sótt fjöldann allan af fundum, ráðstefnum og námskeiðum í tengslum við störf sín. Árið 2011 er sömu sögu að segja þó þessar samkomur séu ekki tíundaðar hér eins og áður í ársskýrslu.

NIÐURLAG

Fræðslunetið hefur nú starfað í tólf ár sem miðstöð símenntunar og fullorðinsfræðslu á Suðurlandi og hefur þjónusta þess við Sunnlendinga farið ört vaxandi. Enn er þó fjöldamargt ógert eins og að líkum lætur. Það er því ásetningur stjórnar Fræðslunetsins og starfsfólks að halda áfram að færa út kvíarnar þannig að erindi Fræðslunetsins nái til enn fleiri en hingað til. Öll efni eiga að standa til þess að fullorðinsfræðsla vaxi og dafni á næstu árum ef vel er haldið á spöðunum.

SELFOSSI, 21. FEBR. 2012

ÁSM. SVERRIR PÁLSSON

FRAMKVÆMDASTJÓRI

